FÉLAG ATVINNUREKENDA

# Falda aflið sýnir sig

Ólafur Stephensen, framkvæmdastjóri FA

Aðalfundur 2016

# Hvað er Falda aflið?

- Tólf tillögur sem miða að því að bæta efnahags- og rekstarumhverfi minni og meðalstórra fyrirtækja á Íslandi.
- Hleypt af stokkunum í september 2013.
- Eftir því sem málin vinnast, verður nýjum bætt við. Alltaf tólf í gangi.
- Árangur víða, annars staðar er þungt fyrir fæti

falda aflið SÝNIR SIG

## Upphaflegu tillögurnar 2013

1. Skýrari takmörk á eignarhaldi banka á fyrirtækjum
2. Fleiri skilvirkar fjármögnunarleiðir fyrir fyrirtæki
3. Markvissar leiðir gegn kennitöluflakki
4. Lækkun tryggingagjaldsins
5. ~~Afnám vörugjalda og einföldun neyzluskatta~~
6. Aukin skilvirkni í innkaupum hins opinbera
7. Skilvirkari afgreiðsla samkeppnismála
8. ~~Breyttar reglur um skattlagningu arðs~~
9. Sanngjarnari kröfur til endurskoðunar ársreikninga minni fyrirtækja
10. Eftirlitsgjöld byggist á þeirri vinnu sem unnin er
11. ~~Lögfesting fleiri gjalddaga aðflutningsgjalda~~
12. Skýrari reglur um opinbera birtingu ársreikninga

## Núverandi tillögur (breytt jan. 2015)

1. Skýrari takmörk á eignarhaldi banka á fyrirtækjum
2. Fleiri skilvirkar fjármögnunarleiðir fyrir fyrirtæki
3. Markvissar leiðir gegn kennitöluflakki
4. Lækkun tryggingagjaldsins
5. Afnám verndartolla í landbúnaði
6. Aukin skilvirkni í innkaupum hins opinbera
7. Skilvirkari afgreiðsla samkeppnismála
8. Eðlileg verðmyndun í sjávarútvegi
9. Sanngjarnari kröfur til endurskoðunar ársreikninga minni fyrirtækja
10. Eftirlitsgjöld byggist á þeirri vinnu sem unnin er
11. Einföldun álagningar virðisaukaskatts
12. Skýrari reglur um opinbera birtingu ársreikninga

# 1. Skýrari takmörk á eignarhaldi banka á fyrirtækjum

- FME birti greinargóða úttekt í marz. Frá 2011 hafði 185 félögum verið komið úr eignarhaldi bankanna. 41 var þá eftir, 39 á undanþágu. 29 í söluferli, 10 í slitaferli.
- Þetta eru engu að síður of mörg félög, sjö árum eftir hrun.
- Málið hefur þokazt áleiðis, en Alþingi hefur enn ekki skerpt á löggjöf og stytt tímafresti.




Aflið eykst

FÉLAG ATVINNUREKENDA

# 2. Fleiri skilvirkar fjármögnunarleiðir fyrir fyrirtæki

- Heimildir lífeyrissjóða til að fjárfesta á markaðstorgi fjármálagerninga rýmkaðar – 5% auk 20% í óskráðum bréfum
- Fjármálaráðherra boðar frumvarp í vetur um skattaívilnanir vegna fjárfestinga í sprotafyrirtækjum.
- Í greinargerð fjárlagafrumvarps er boðuð
  - Endurskoðun á lagaumhverfi verðbréfamarkaðar og rýmri undanþágur frá birtingu lýsinga
  - Frekari rýmkun á heimildum lífeyrissjóða til fjárfestingar í nýsköpunarfyrirtækjum




Aflið eykst

# 3. Markvissar leiðir gegn kennitöluflakki

- Málið á dagskrá iðnaðar- og viðskiptaráðherra, sem hefur kveðið skýrt að orði um að taka verði á kennitöluflakki
- Efnahags- og viðskiptanefnd beindi til innanríkisráðuneytis að setja í lög ákvæði um eignarréttarfyrirvara á óseldum vörum
- FA hefur fylgt málinu eftir gagnvart ráðuneytinu – er til skoðunar




Aflið eykst

FÉLAG ATVINNUREKENDA

# 4. Lækkun tryggingagjalds

- Lítil lækkun tryggingagjalds í upphafi kjörtímabils var mikil vonbrigði. Fyrirheit voru gefin um annað
- Yfirlýsingar ráðamanna í tengslum við nýja kjarasamninga auka bjartsýni en eru helzt til óljósar
- FA heldur málinu áfram lifandi




Aflið eykst

FÉLAG ATVINNUREKENDA

# 5. Afnám verndartolla í landbúnaði

- Búið að ákveða afnám tolla af öllum vörum öðrum en matvöru
- FA hefur unnið mikið starf í málinu, m.a. með skýrslu um matartolla
- Ýmis skörð í tollmúrana
  - Tollasamningur við ESB
  - Afnám snakktolls um næstu áramót
  - Tollar á mjólkurlausum ís afnumdir um síðustu áramót
  - Ríkið dæmt til endurgreiðslu útboðsgjalds
- Tækifæri til að þrýsta á málið í tengslum við gerð búvörusamninga




Aflið þróast

FÉLAG ATVINNUREKENDA

# 6. Aukin skilvirkni í innkaupum hins opinbera

- Útboð á flugmiðum boðað í mánuðinum eftir mikinn þrýsting FA
- Drög að frumvarpi um opinber innkaup – mörg ákvæði til bóta
  - Lögin nái líka yfir sveitarfélög
  - Heimild til að semja við fleiri og smærri aðila
  - Hóflegri kröfur til bjóðenda
  - Rafræn útboð og innkaup
- Varasöm tillaga um að afnema ákvæði um samkeppnismat
- Áfram í forgangi - sérstakur hópur stofnaður um málið




Aflið eykst

FÉLAG ATVINNUREKENDA

# 7. Skilvirkari afgreiðsla samkeppnismála

- Minni fyrirtækjum þykir mörgum Samkeppniseftirlitið svifaseint, upptekið í stóru málunum
- Lítil virkni samstarfsvettvangs iðnaðar- og viðskiptaráðherra, þar sem FA á aðild
- Þurfum að viðhalda umræðu og þrýstingi – höfum skorað á SE að flýta málum, t.d. rannsókn á MS




Aflið þróast

FÉLAG ATVINNUREKENDA

# 8. Eðlileg verðmyndun í sjávarútvegi

- Hallar á fiskvinnslu án útgerðar og útgerð án fiskvinnslu í samkeppni við samþætt útgerðar- og vinnslufyrirtæki
- Of lítið af aflanum fer á frjálsan markað, skekkir verðmyndun
- FA og SFÚ skrifuðu sjávarútvegsráðherra, fóru fram á aðgerðir til að bregðast við áliti Samkeppniseftirlits frá 2012
- Svarið veldur vonbrigðum. Aðgerðaleysi virðist stefnan




Aflið skaðað

FÉLAG ATVINNUREKENDA

# 9. Sanngjarnari kröfur til endursk. ársreikninga minni fyrirtækja

- Miklar breytingar í farvatninu með frumvarpi iðnaðar- og viðskiptaráðherra sem innleiðir Evróputilskipun
- 80% fyrirtækja (örfélög) munu geta skilað einfölduðum ársreikningi byggðum á framtalsupplýsingum. Þarf hvorki skoðun, endurskoðun né skýrslu stjórnar
- Litlum félögum dugar að láta skoðunarmann yfirfara reikninga
- Dregur verulega úr kostnaði og umstangi




Aflið eykst

FÉLAG ATVINNUREKENDA

# 10. Eftirlitsgjöld byggi á þeirri vinnu sem unnin er

- FA hefur vakið athygli á málinu á ýmsum vettvangi
- Dómur í máli Banana gegn ríkinu vekur vonir um breytingar
- Þarf að ýta stjórnvöldum út í að skoða málið heildstætt í stað þess að glíma stöðugt við einstök mál




Aflið þróast

# 11. Einföldun álagningar virðisaukaskatts

- Hátt efra þrep skaðar verzlunina í erlendri samkeppni. Mismunandi skattþrep og margar undanþágur auka kostnað og vinnu fyrirtækja, brengla verðmyndun og auka hættu á undanskotum
- Þrep virðisaukaskattsins hafa nálgazt – enn er þó 13 prósentustiga munur
- Skattstofninn breikkaður um áramót – mest af ferðaþjónustunni nú undir




Aflið eykst

# 12. Skýrari reglur um opinbera birtingu ársreikninga

- Miklar breytingar með frumvarpi iðnaðar- og viðskiptaráðherra
- Einföldun á ársreikningaskilum fyrir 80% íslenzkra fyrirtækja
- Veruleg lækkun kostnaðar og minna umstang fyrir lítil fyrirtæki
- Ekki tekið tillit til allra athugasemda FA varðandi opinbera birtingu




Aflið eykst

FÉLAG ATVINNUREKENDA

# Flest málin á hreyfingu – tvö nálægt því að vera í höfn




| | 2015 | 2016 |
|---|---|---|
| Aflið skaðað | 0 | 1 |
| Mótstöðuafl | 0 | 0 |
| Aflið þróast | 4 | 3 |
| Aflið eykst | 5 | 8 |
| Aflið fullvirkt | 3 | 0 |

FÉLAG ATVINNUREKENDA

# Nýjar tillögur, nýjar leiðir

- Ætlum að kalla aftur saman starfshóp um Falda aflið – leita út í fyrirtækin
- Markmiðið annars vegar að finna ný mál í stað þessara tveggja til þriggja sem virðast á leið í höfn
- Hins vegar að skoða nýjar leiðir til að þrýsta á mál þar sem okkur hefur orðið lítið ágengt

FÉLAG ATVINNUREKENDA

# falda aflið

*Leysum úr læðingi afl* ***minni og meðalstórra*** *fyrirtækja*